

Reykjavík, 9. desember 2010

Úrskurður nr. 27/2010.

Í dag var hjá embætti tollstjóra kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: K

Kæruefni: Álagning aðflutningsgjalda, höfnun tollfríðinda.

I. Kæra

Með bréfi, dags. 25. ágúst 2010, hefur K kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda á veiðibúnað sem hann hafði meðferðis við komu til landsins með flugi. Kærandi krefst þess að fallið verði frá álagningu aðflutningsgjalda. Hann áskilur sér rétt til kröfu um dráttarvexti af kröfu um oftekin aðflutningsgjöld.

II. Málsmeðferð

Kærandi kom til landsins með flugi nr. AEU-502 frá X þann 15. ágúst 2010 ásamt unnustu sinni, A. Hann var stöðvaður á grænu hliði þar sem farangur hans var skoðaður. Hann hafði meðferðis þrjár veiðistangir og ýmis konar veiðibúnað í tösku. Við tollafgreiðslu á Keflavíkurlflugvelli lagði kærandi fram reikninga að beiðni tollvarðar. Þriðji aðili var skráður kaupandi á framlögðum reikningum, sem voru annars vegar frá M og hins vegar frá C en kærandi var skráður viðtakandi vörunnar. Kærandi var einnig skráður með heimilisfang að L í X. Á reikningi M voru 19 mismunandi vöruliðir taldir upp að fjárhæð alls GBP 270.81. Um var að ræða mismunandi búnað til veiða með flugustöng. Á reikningi frá C voru

reikningsfærðar vöðlur fyrir alls GBP 139.98. Heildarverð varningsins var því GBP 410.79. Ákvörðun var tekin um að aðflutningsgjöld skyldu lögð á vörurnar. Beiðni kæranda um tollfrelsi í samræmi við tollfríðindi ferðamanna var hafnað þar sem tollverðir töldu að um varning fyrir þriðja aðila væri að ræða. Tollverð var ákveðið kr. 85.104.- samkvæmt reikningi Tollstjóra nr. KEF-2010-03162R. Álögð gjöld voru almennur tollur í samræmi við tollskrá að fjárhæð kr. 8.497.- og virðisaukaskattur, 25,5% að fjárhæð kr. 23.833.- Alls voru því lögð á aðflutningsgjöld að fjárhæð kr. 32.330.- sem kærandi greiddi með kreditkorti. Kærandi mótmælti álagningunni bréflaga en var tilkynnt þann 25. ágúst sl. að ekki yrði fallið frá álagningu aðflutningsgjalda. Kærandi mótmælti ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjald að nýju með kæru sinni, dags. 25. ágúst 2010. Með bréfi dags. 8. september 2010 fór embætti Tollstjóra fram á frekari gögn varðandi málið. Umbeðin gögn bárust þann 23. september sl.

III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi telur að skilyrði reglugerðar nr. 630/2008 um tollfríðindi ferðamanna hafi verið uppfyllt. Hann hafi ferðast með unnustu sinni og því hafi borið að taka tillit til þess að tollfríðindi þeirra samanlagt hafi heimilað þeim að hafa meðferðis tollfrjálsan varning að fjárhæð kr. 130.000.- Tollverð varnings þess sem álagningin byggði á hafi verið undir þeim mörkum.

Kærandi telur einnig að embætti Tollstjóra hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu stjórnarsýslulaga þar sem hann hafi ekki fengið neinar leiðbeiningar um möguleika til endurskoðun álagningarinnar eða kæruleiðir þar að lútandi.

IV. Niðurstöður

Ágreiningur í málinu snýst í fyrsta lagi um álagningu aðflutningsgjalda á varning sem kærandi hafði meðferðis við komu til landsins eftir ferðalag erlendis og í öðru lagi um hvort starfsmenn Tollstjóra hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

Í 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 er kveðið á um almenna tollskyldu. Þar segir að hver sá sem flytji vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verði ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum tollalaga sé tollskyldur og skuli greiða toll af innfluttri vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá. Í 1. gr. laga um virðisaukaskatt nr.

50/1988 er kveðið á um að greiða skuli virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum.

Í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga er kveðið á um að varningur sem ferðamenn, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, skuli vera tollfrjáls að verðmæti allt að 65.000,00 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 32.500,00 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta réttindanna að hálfu.

Nánar er kveðið á um undanþágu frá tollskyldu í reglugerð nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Í 7. gr. reglugerðarinnar kemur fram að það sé almennt skilyrði tollfrelsis skv. 1.-6. gr. reglugerðarinnar að innflytjandi hafi varninginn í eigin vörslu við komu til landsins og geti þá framvísað honum til tollskoðunar og að varningurinn sé fluttur inn til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur fram að réttindi sem menn eiga skv. kafla um tollfríðindi ferða- og farmanna verði ekki framseld.

Ekki er að finna nánari skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda í reglugerðinni. Hugtakið er þó að finna í hinum ýmsu lögum. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 21/1990 um lögheimili er með fjölskyldu átt við hjón, fólk í staðfestri samvist eða skráðri sambúð og ólöggráða börn þeirra. Þá er í mörgum mismunandi lögum tekið tillit til fjárhags eða aðstæðna þess sem í hlut á og fjölskyldu viðkomandi, s.s. lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, hjúskaparlög nr. 31/1993 o.fl. Þar fyrir utan kemur fram í 12. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu að karlar og konur á hjúskaparaldri hafi rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi. Í 7. gr. reglugerðar nr. 630/2008 felst undanþága frá skattskyldu sem túlka ber þröngt samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum. Samferðarmaður kæranda verður því ekki færð undir hugtakið fjölskylda, hvorki með rýmkandi lögskýringu né lögjöfnun.

Kærandi er skv. þjóðskrá hvorki kvæntur né skráður í sambúð með samferðarmanni sem hann nefnir unnustu sína. Þar af leiðandi telst hún ekki til fjölskyldu hans í lagalegum skilningi. Þriðji aðili, nánar tiltekið faðir unnustu kæranda, var skráður viðskiptamaður á framlögðum reikningum. Kærandi var því ekki greiðandi varnings þess sem um ræðir. Er því ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að varningurinn hafi verið fluttur inn til persónulegra nota kæranda eða til nota fyrir fjölskyldu hans.

Með vísan til ofangreinds er ekki hægt að fallast á það með kæranda að skilyrði 7. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um tollfríðindi ferðamanna hafi verið uppfyllt.

Stjórnvaldi ber að veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Könnun Tollstjóra á málsatvikum leiddi í ljós að tollvörðum á Keflavíkurflugvelli fórst fyrir að leiðbeina kæranda við tollafgreiðslu um kærurétt hans skv. 117. gr. tollalaga. Kærandi varð ekki fyrir réttarspjöllum vegna þess formgalla við meðferð málsins enda lagði hann fram kæru innan lögbundins kærufrests. Engu að síður verður fallist á það með kæranda að leiðbeiningarskyldu hafi ekki verið sinnt sem skyldi.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Embætti tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun um álagningu aðflutningsgjalda á veiðibúnað, dags. 15. ágúst 2010 er staðfest.

Kæruréttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.